

Dagur leikskólans er haldinn 6. febrúar ár hvert í tilefni þess að þann dag árið 1950 stofnuðu leikskólakennarar sín fyrstu samtök. Þetta árið bar daginn upp á laugardegi og var hann því haldin hátíðlegur hér á Reykjakoti síðastliðin föstudag.

Þetta árið leggjum við áherslu á innrastarf leikskólans og viljum með því vekja athygli á því mikilvæga upphafi menntunar sem hefst á leikskólagöngu barna og starfi leikskólakennara.

Helga Jóhannesdóttir myndlistarkennari hefur verið hjá okkur í vetur með börnin í myndlistarkennslu, þar hafa þau meðal annars unnið mikið með ímyndunaraflíð, æft sig í teikninu, formfræði og litufræði.

Hér má sjá brot af sköpunarverkum og vinnu barnanna.

